



Morgunblaðið 10. mars og Vörður 17. Maí

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dómsmálaráðherra – Menntamálaráðherra – Ræður –
Morgunblaðið – Vörður

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-19, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Morgunblaðið

12. árgangur

57. tbl. — Fimmtudagur 10. marz 1955

Prentsmíðja Morgunblaðsins

Synjun samninganefndar verkalyðsfélaganna rædd á Alþingi

Háskalegt að flana að því að stefna þjóðfélaginu og hagsmunum þúsunda heimila í hættu fyrr en allar leiðir eru kannaðar til samkomulags

Með öðrum þjóðum er reynt að ná samkomulagi með hlutlausri rannsókn

Ræða Bjarna Benediktssonar dómsmálaráðherra á Alþingi í gær

Ernaður um hlutdeild í árásinni á rúmenska sendiráðið í Bern

MÜNCHEN, 9. marz. — Vesturbýzka lögreglan hefur handtekið þjóðverja nokkurn í München, er grunaður er um þátttöku í árás flóttamannanna á rúmensku sendiráðsbygginguna í Bern í Svisslandi í s.l. mánuði. — Er þjóðverji þessi sagður hafa verið búsettir um tíma í Róméníu. — Var maður þessi handtekinn að beiðni svissnesku lögreglunnar. Er talið, að hann hafi ekið bifreiðinni, sem árásarmennirnir óku í frá Þýskalandi til Sviss.

UMRÆÐURNAR um skýrslu fjármálaráðherra varðandi hag ríkissjóðs á árinu 1954 héldu enn áfram á Alþingi í gær. Snerust þær fyrst og fremst um viðhorfin í kaupgjalds- og atvinnumálum. Flutti Bjarni Benediktsson dóms- og menntamálaráðherra við það tækifæri ræðu, þar sem hann ræddi m. a. neitun samninganefndar verkalyðsfélaganna á þátttöku í rannsóknarnefnd, sem kynnti sér hvort efnahagslegur grundvöllur væri fyrir kaophækkunum.

Ræddi ráðherrann einnig þann hátt sem aðrar lýðræðisþjóðir hafa á í þessum efnum. Kvað hann það von sína, að hann væri búsettur um tíma í Róméníu. — Var maður þessi handtekinn að beiðni svissnesku lögreglunnar. Er talið, að hann hafi ekið bifreiðinni, sem árásarmennirnir óku í frá Þýskalandi til Sviss.

Þessar umr. hafa farið allmjög á við og dreif, en þó í síðari hluta þeirra mjög snúist um þær vinnuáhrif, sem yfirvofandi eru, og samkvæmt því, sem hv. síðasti ræðumaður Hannibal Valdmarsson tilkynnti þingheimi að síðast, eiga að snúast upp í verkfall frá 18. eða 19. b. mán.

Það sem gerði að verkum, að ég tók til máls nú, þó að málið hafi þegar verið skýrt svo að hálfu ríkisstjórnarinnar, að ég mun ekki bæta þar verulega við, var það, sem hv. þm. (Hannibal Vald.) sagði um þá till. ríkisstj., að nú væri skipuð nefnd til að rannsaka vissar staðreyndir í sambandi við deilurnar. Hv. þm. jataði, að mjög gott væri, ef rannsókn lægi fyrir um þessi atriði, en taldi að ríkisstj. hefði of seint komið fram með till. sína, og hefði hún mátt búast við því fyrir fram, að lítt yrði undir hana tekið og færði fyrir því ákveðin rök.

MIBAD VIÐ KJÖRIN 1947

Hv. þm. (Hannibal) færði hins vegar þau rök fyrir kaophækkunum nú, að kaupmáttur launanna væri orðinn mun minni heldur en hann hefði verið, þegar verkamenn höfðu best kjör 1947, og hið sama kom glögglega fram í ræðu hv. 2. þm. Reykv. (E. O.), að hann miðaði mjög við kjörin 1947, og útskýrði hv. 2. þm. Reykv. einmitt af hverju miðað væri við kjörin 1947: Að þá hefði verið að komast í gagnið framkvæmdir nýsköpunarstjórnarinnar, en síðan hefðu ýmsar aðrar umbætur orðið hér í landi, sem einmitt andstæðingar hans legðu mikið upp úr, og hv. 2. þm. Reykv. spurði: Ef við stóðum undir þessu kaupgjaldi 1947, stöndum við þá ekki undir enn herra kaupgjaldi nú, eftir allar þær umbætur, sem stjórnarstjóðin þar umbætur, sem stjórnarstjóðin Framh. á bla. 2

RAKOSI BOÐADI STEFNU-BREYTINGU

Forsætisráðherrann, sem er 60 ára að aldri, tók upp „nýju stefnuna“ fyrir 19. mánuðum, skömmu eftir dauða Stalins, og síðan hefir svo mikil áhrerla verið lögð á framleiðslu neytluvara og umbætur í landbúnaðarmálum, að Ungverjaland fjarlægist meir en nokkurt leppilíka hagnaðina gömlu stalinisku efnahagsmálstefnu.

Nagy, sem er andvígur „hóflausum þungaiðnaði“, hefir verið Framh. á bla. 12.

Nagy stendur höllum fæti í valdabaráttunni

Rakosi boðar stefnubreytingu í iðnaðarmálum — þungaiðnaðurinn á að sitja í fyrirrúmi fyrir framleiðslu neytluvara

Búdapest, 9. marz.

MIDSTJÓRN ungverska kommúnistaflokksins hefur sakað forsætisráðherra Ungverjalands, Imre Nagy, um að vinna gegn eflingu þungaiðnaðarinnar og grafa undan efnahagslífi landsins. Er forsætisráðherrann einnig sakaður um að hafa vikið frá „linu“ kommúnistaflokksins.

Segir í ákæru miðstjórnarinnar, að í yfirstandandi fimmtíu ára áætlun landsins, sem er önnur í röðinni, hefði þungaiðnaðurinn átt að sitja í fyrirrúmi fyrir nýsköpun í landbúnaðinum og framleiðslu neytluvara. Segir þar enn fremur, að síðan Nagy tók við embætti sínu í júní 1953, hafi and-marxískum skoðunum verið haldið svo á lofti, að ákvarðanir kommúnistaflokksins hafi ekki verið framkvæmdar svo sem vera þær. Hafi velferð þjóðarinnar því verið stofnað í hættu með stöðnun í þungaiðnaðinum.

baráttunni, eftir að kommúnistaflokkurinn þar í landi hefir gert afturreka hina „nýju stefnu“ hans í iðnaðar- og framleiðslumálum og ákveðið að leggja aðaláhærslu á þungaiðnaðinn eins og Ráðstjórnarríkinn ákváðu að gera á dögunum.

Nagy var síðfur ekki viðstaddur, þegar stjórnin hélt fund fyrir nokkrum vikum ásamt forsætisráðgjafinum til að gera grein fyrir þessari stefnubreytingu.

UPPRÆTT VERÐI „HÆGRI SINNU“ SJÓNARMÍÐ

Krefst flokkurinn þess eindregið, að slík „hægrí sinnu“ sjónarmið verði algjörlega upprætt og sósíalísk iðnvæðing verði lätin sitja í fyrirrúmi, varðveitt verði eining flokksins og barizt verði harðlega gegn hvers konar svikum við flokksagann.

Forsætisráðherrann stendur því mjög höllum fæti í valda-



Gina Lollabrigida, hin ítalska, gerir stöðugt hærra launa-kröfur á hendur ítalska kvikmyndafélaginu „Titanus“, sem hún er ráðin hjá. Hún á að hafa krafist helminga tekna þeirra, er tenglust af sýningum næstu myndar, er hún átti að leika í. Upphæð sú, er talin nálgast 15 millj. ísl. kr. Forstjóra kvikmyndafélagsins þótti „La Lollo“ full dýrkeypt, og réð leikkonuna Sophia Loren í stað hennar. „La Lollo“ er nú stödd í París til að vera viðstödd frumsýningu á „Braut og ást“, sem hún leikur aðalhlutverk. Í myndinni sést hún á baki asnans, er „leikur“ annað aðalhlutverk í þessari mynd.

Slæmar horfur á skjótri afgreiðslu skattalaga í Danmörku

Kaupmannahöfn, 9. marz. Frá fréttaritara Mbl.

ERFIÐLEIKAR þeir, er danska stjórnin á við að etja í tilraunum sínum til að ráða bót á gjaldeyrisvandæðum Dana fara stöðugt vaxandi. Hefði stjórnin ákveðið, að um næstu helgi skyldu lagðar fyrir þingið og afgreiddar tillögur um aukningu skatta, er nemur allt að 500 millj. danskra kr. Tillögur þessar eru ekki kunnar einstökum atriðum, en búist er við, að hér sé um skatta á neytluvörur að ræða.

* KREFJAST UMRÆÐNA UM STEFNU STJÓRNARINNAR Í EFNAHAGSMÁLUM

Ihaldsflokkurinn og vinstri flokkarnir hafa lýst yfir því, að þeir greiði ekki atkvæði um nýju skattalögin nema á undan fari umræður um stefnu stjórnarinnar í efnahagsmálum, en allkoma umræðum væri ekki hægt að ljúka um helgina.

Fyrirgreindir flokkar óska eftir að gerð yrði grein fyrir því, í einstökum atriðum, til hvers tekjur þær, er nýju skattalögin myndu gefa af sér, rýnna. Fara flokkar þessir einnig fram á ákveðið varðandi lög um fjárhagsaðstoð til bygginga, og á hverjum mánuði renna milljónir króna til slíks.

* TILÖGURNAR FAST TEPLEGA AFGREIDDAR FYRIR MÁNUÐAGSMORGUN

Dönsk blöð segja, að afstæða stjórnarandstöðunnar spái engu Framh. á bla. 12

Rædd aukin viðskipti V.-Þýskalands og Saar

PARÍS, 9. marz. — Fulltrúar Frakklands og Saar-héraðsins hófu í dag viðræður um þau atriði Saar-sáttmálans, er fjalla um efnahagsmál Saar-héraðsins. Þjóðverjar og Frakkar gerðu með sér Saar-sáttmálann s.l. október. Munu viðræðurnar snúast aðallega um, hvernig auka megi verzlunarviðskipti milli Saar-héraðsins og Vestur-Þýskalands án þess að brotið verði í bág við ákveðin um efnahags samband Frakklands og Saar.

